



LÝÐHEILSU- OG ÆSKULÝÐSNEFND HRUNAMANNAHREPPS

3. fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar Hrunamannahrepps var haldinn þriðjudaginn 15. nóvember 2022 kl. 17.00 í Ráðhúsi

Mættir til fundar, Sigfríð Lárusdóttir formaður, Ragnheiður Björg Magnúsdóttir aðalmaður, Bjarni Arnar Hjaltasson varamaður í fjarveru Heimirs Sigurðssonar, Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri og Jón Bjarnason Oddviti.

1. Aldís kynnir fjárhagsáætlun 2023 og fer yfir stöðu ársins 2022.
2. Aldís kynnir gjaldskrá sundlaugar og íþróttahúss
 - a. Nefndin leggur til að börn í leik og grunnskóla í Hrunamannahreppi fái ókeypis árskort í tækjasal, íþróttasal og sundlaug. Þessi aðgerð er liður í að hvetja íbúa til aukinnar hreyfingar. Börn og unglingar utan sveitafélagsins myndu greiða samkvæmt gjaldskrá í sundlaug, íþróttahús og tækjasal.
 - b. Nefndin leggur til að árskort í sund, tækjasal og íþróttasal verði ekki hærra en 16.000 kr. Þessi liður er einnig til þess gerður að hvetja íbúa til aukinnar hreyfingar.
 - c. Aðrir liðir í gjaldskrá tækjasals, íþróttahúss og sundlaugar samþykktir
 - d. Nefndin óskar eftir að morgunopnun í íþróttahúsi og sundlaug fái að halda óbreytt áfram. Morgunopnun í sundlaug hefur verið vel sótt og kaffisopi eftir sundsprett hefur vakið mikla lukku. Einnig hefur morgunopnun í íþróttahúsi verið vel sótt. Þetta eru framfara skref í að mæta mismunandi þörfum íbúum sveitafélagsins.
3. Félagsmiðstöðin Zero
 - a. Eftir að foreldrar hafa tjáð okkur áhyggjur sínar v. skertrar opunar á félagsmiðstöðinni Zero, leggur nefndin eftirfarandi til.

Mikilvægt er að sveitafélagið sjái til þess að Félagsmiðstöðin Zero fái nóg fjármagn til að starfsemi hennar geti haldið áfram því góða starfi 2x í viku, þriðjudaga og fimmtudaga. Í vetur hefur félagsmiðstöðin verið lokað annanhvern fimmtudag v. fæðingarorlofs starfsmans félagsmiðstöðvarinnar. Ekki er sanngjarnt að unglingar þurfi að lýða skort á starfi félagsmiðstöðvarinnar v. orlofs starfsmanns. Svo virðist vera sem að félagsmiðstöðin sé betur sótt á fimmtudögum þegar unglingar frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi fá akstur heim. Því vill nefndin leggja til að Skeiða- og Gnúpverjahreppur bjóði unglingum sínum líka uppá akstur á þriðjudögum.

Félagsmiðstöð, eins og við þekkjum hana í dag, er afdrep þar sem unglingar á elsta stigi grunnskólans geta varið frítíma sínum án áfengis og vímuefna. Hlutverk félagsmiðstöðva er að stuðla að jákvæðum þroska unglinga og gera þau sjálfstæðari, bæði í verki og

félagslegum samskiptum og gera þau hæfari til að takast á við lífið. Í starfi félagsmiðstöðva er lögð áhersla á gildi forvarna, sköpunar og mismunandi tegunda náms. Starfsmenn félagsmiðstöðva tryggja að starfið sé faglegt og taki mið af uppeldisgildum frítímans. Það er því mjög mikilvægt að þetta frábæra starf fái að haldast óbreytt og óskert fyrir börnin og unglíngana okkar.

4. Rólóvöllur í norðurbænum verði settur á fjárlög næstu 3 ára
5. Nefndin óskar eftir því að sveitastjórn samþykki fjárveitingu upphæð 250000 kr í verkefnið Virkni/hreyfivika sem nefndin mun skipuleggja viku fyrir Uppskeruhátíðina. Peningurinn verður nýttur í að fræða íbúa um mikilvægi hreyfingu og kynna þeim fyrir mismunandi hreyfingu.
6. Nefndin vill leggja áherslu á að sveitastjórn samþykki að hvatastyrkur geti verið greiddur út sem ein upphæð. Þau börn sem æfa íþróttir á Selfossi greiða ársgjald fyrir íþróttaiðkun en ekki fyrir hverja önn eins og íþróttafélögin gera hér.